

Áfangalýsing – Lífsleikni

Menntaskóli Borgarfjarðar



Námsgrein: LKN102 - Lífsleikni

Fjöldi framhaldsskólaeininga: 2

Undanfari: Enginn

Lýsing á efni áfangans:

Markmið áfangans er að nemandi öðlist færni í samskiptum, kynnist sjálfum sér og samnemendum sínum. Að nemandi kynnist lífi framhaldsskólanemans og átti sig á viðmiðum, gildum, kostum og göllum við það að verða fullorðinn. Viðfangsefnin eru fjölbreytt og markmið þeirra er að búa einstaklinginn undir áskoranir og verkefni dagslegs lífs. Fjallað er um fjármál einstaklinga, kynheilsu, jafnréttismál, umhverfismál, ábyrga hegðun í umferðinni og um námstækni og námsvenjur.

Kennslugögn:

Kennslugögn eru gögn af interneti og gögn frá kennurum. Unnin eru fjölbreytt verkefni, bæði einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Námsmat:

Námsmat byggir á fjölbreyttum skilum.

Myndbandsverkefni,

munleg skil,

ritgerðir, hópvinnuverkefni

þátttaka í umræðum og verkefnum í tímum.

Lokamarkmið áfanga: (alls 8-12 markmið)

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- Því samfélagi sem hann lifir og hrærist í
- Hvað það þýðir að taka ábyrgð á eigin lífi
- Hvernig skipuleggja á námið hvort sem er einn eða í samvinnu við aðra
- Hvernig standa á fyrir máli sínu, hvort sem er munnlega eða skriflega

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skoða og greina ýmis álitamál í samfélaginu út frá almennri umræðu
- Velja og hafna með eigin hagsmuni að leiðarljósi
- Vinna ólík verkefni einn og í samvinnu við aðra
- Gera grein fyrir máli sínu, munnlega og skriflega

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Taka þátt í samfélaginu sem virkari og ábyrgari samfélagsþegn
- Styrki sjálfsvitund sína og færni í því að taka ábyrgð á eigin lífi
- Stunda nám með árangursríkum aðferðum
- Tjá sig munnlega og skriflega um viðfangsefni sín í námi og starfi
-